



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. júní 2013

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum, nr. 100/2007, um almannatryggingar og lögum um málefni aldraðra, nr. 125/199 (frítekjumörk, tekjutengingar og eftirlitsheimildir). 142. löggjafarþing 2013. Þingskjal nr. 40 - 25. mál.

Mannréttindaskrifstofa Íslands hefur fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að draga að hluta til til baka þær breytingar sem gerðar voru með lögum nr. 70/2009 sem leiddu til aukinna tekjutenginga greiðslna almannatrygginga til aldraðra og öryrkja.

MRSÍ fagnar tillögunni enda tímabært að grípa til aðgerða í ljósi stöðu þess hóps í þjóðfélaginu sem breytingarnar varða.

Ísland er aðili að ýmsum alþjóðlegum samningum sem hafa það að markmiði að vernda borgarana og tryggja þeim viðunandi lífsskilyrði og afkomu. Í samningi Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er að finna ákvæði sem skylda aðildarríkin til þess að viðurkenna rétt sérhvers manns til viðunandi lífsafkomu fyrir hann sjálfan og fjölskyldu hans, þar á meðal viðunandi fæðis, klæða og húsnæðis og sífellt batnandi lífsskilyrða. Aðildarríkin skulu svo gera viðeigandi ráðstafanir til þess að tryggja að þessum rétti verði framfylgt. Í félagsmálasáttmála Evrópu er einnig að finna svipað ákvæði í 13. og 14. gr. Ljóst er af þessu að Ísland er skuldbundið til þess að veita borgurum sínum slík réttindi og vernd og telur MRSÍ þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpinu vera jákvætt skref í áttina að því að tryggja þeim sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu mannsæmandi líf.

MRSÍ vill hinsvegar koma eftirfarandi á framfæri;

Af lestri þessa frumvarps, umsagnar skrifstofu opinberra fjármála hjá fjármála- og efnahagsráðuneytinu ásamt öðrum umsögnum og umfjöllunum um málið er ljóst að þær breytingar sem boðaðar eru hafa verulega takmarkaða þýðingu fyrir þá einstaklinga sem mest þurfa á leiðréttingu að halda. Segir í umsögn fjármála- og efnahagsráðuneytisins að skv. útreikningum Tryggingastofnunar þá muni breytingar frumvarpsins einkum hafa áhrif á tekjur lífeyrisþega sem hafa einhverjar aðrar tekjur en bætur almannatrygginga og er áætlaður ávinningur af breyttum bótaréttindum meiri eftir því sem tekjur lífeyrisþega eru hærri.



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

MRSÍ vill einnig benda á þá staðreynd að þeir öryrkjar og ellilífeyrisþegar sem hvað lægstar tekjur hafa eru konur. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að konur unnu og vinna enn í minna mæli heldur en karlar utan heimilisins og hafa því áunnið sér takmarkaðan eða jafnvel engan rétt til greiðslna frá lífeyrissjóðum. Koma því breytingar þær sem þetta frumvarp boðar til með að styrkja frekar stöðu efnameiri karla en hafa lítil sem engin áhrif á tekjur kvenna. Er ljóst að hér er um óbeina mismunun að ræða sbr. 2. tl. 2. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, sem bönnuð er skv. 1. mgr. 24. gr. sömu laga.

Þar sem að MRSÍ er ljóst að ekki eru ótakmarkaðir fjármunir til staðar til að fara í aðgerðir til að bæta stöðu lífeyrisþega í landinu telur MRSÍ nauðsynlegt að skoða forgangsröðun mála. Telur MRSÍ því vert að skoða hvort að ekki væri betra að fara í leiðréttingar sem að bæta frekar stöðu þeirra sem að verst eru staddir fyrst en skoða síðar leiðréttingar sem bæta stöðu allra lífeyrisþega í heild.

MRSÍ vill ennfremur beina því til stjórnvalda að nauðsynlegt er að halda áfram þeirri vinnu sem hafin var í velferðarráðuneytinu við endurskoðun heildar löggjafar um almannatryggingakerfið í landinu og að sú vinna verði unnin í góðu samráði við hagsmunaaðila í þjóðfélaginu ásamt þeim aðilum sem vinna með löggjöfina og hafa þekkingu á þeim göllum og kostum sem er að finna í nógildandi löggjöf.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Jóna Aðalheiður Pálmadóttir, lögfræðingur